

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Skólatröð 13.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Hrafnagilshverfis vegna lóðarinnar Skólatraðar 13. Breytingin er gerð til að laga lóðamörk að raunverulegum aðstæðum á svæðinu og vegna lagna sem þegar hafa verið lagðar í jörðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. september 2025.

Brúnagerði 15.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúnagerði. Breytingin felst í að heimilt verður að setja niður hreinsivirki innan lóðarinnar Brúnagerðis.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. apríl 2025.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 12. nóvember 2025.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. nóvember 2025